

Félag eldri borgara Borgarnesi og nágrenni

Þingskjal 85 — 84. mál.

Hraunholtum 25 nóvember 2020

Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-12 150 Reykjavík Okkur hefur borist ósk um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr 100/207. (afnám skerðingar lífeyris vegna miskabóta). Félag eldri borgara Borgarnesi og nágrenni fagnar þessari tillögu til lagabreytinga og mælir eindregið með samþykkt hennar.

Virðingarfyllst, f.h Félag eldri borgara Borgarnesi og nágrenni

Sigurður Helgason

formaður

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. desember 2020

**Efni: Umsögn um 84. mál á 151. löggjafarþingi 2020–2021, þingskjal 85:
Frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. [100/2007](#), - afnám
skerðingar lífeyris vegna miskabóta**


Með frumvarpi þessu er lagt til að miskabætur sem einstaklingum eru dæmdar komi ekki til skerðingar á lífeyri þeirra samkvæmt lögunum.

Meginreglan varðandi skerðingar hjá almannatryggingum er að einungis skattskyldar tekjur skerða greiðslur, þótt á því séu undantekningar, en samkvæmt upplýsingum á rsk.is eru miskabætur ekki skattskyldar. Það vaknar því upp sú spurning hvert tilefnið til flutnings þessa frumvarps sé og hvort skilgreining á miskabótum sé e.t.v. eitthvað óljós og þá einnig meðhöndlun þeirra gagnvart sköttum og almannatryggingum. Í greinargerð með frumvarpinu koma ekki fram viðhlítandi skýringar á þessu.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni telur það vera augljóst réttlætismál að miskabætur og hverskyns aðrar bætur, sem skjólstæðingum almannatrygginga eru dæmdar eða úrskurðaðar vegna miska eða tjóns sem þeir verða fyrir, skerði ekki greiðslur almannatrygginga til þeirra eins og um tekjur væri að ræða.

Afstaða félagsins til frumvarpsins er því jákvæð. Samkvæmt framansögðu virðist þó vera þörf á því að skýra betur efnisinnihald þess og skerpa á skilgreiningum. FEB-R telur að þá beri einnig að skoða í leiðinni hvort ástæða sé til að útvíkka frumvarpið þannig að það taki einnig til annarra tegunda bóta, sem hugsanlega valda skerðingum á greiðslum almannatrygginga, þótt málefnalega séð ætti sama að gilda um þær og miskabæturnar.

Virðingarfyllst,



Finnur Birgisson
formaður kjaranefndar FEB-R

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (afnám skerðingar lífeyris vegna miskabóta), 84. mál.

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar

Greiðsla miskabóta til einstaklinga er, að mati samtakanna, ósambærileg við tekjur sem þeir fá að því leyti að með þeim bótum er verið að bæta áfall eða órétt af einhverjum toga sem hlutaðeigandi einstaklingar hafa orðið fyrir. Það stenst því hvorki m.t.t. sanngirni né málefnalegra raka að slíkar greiðslur skerði lífeyri almannatrygginga til þeirra sem í hlut eiga eins og er samkvæmt gildandi reglum.

Samtökin mæla því eindregið með að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Proskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Proskahjálpar

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 16.12.2020

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (afnám skerðingar lífeyris vegna miskabóta). Þingskjal 85 – 84. mál.

ÖBÍ leggur áherslu á að miskabætur ættu í engum tilvikum að skerða lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, það mikið réttlætismál. Samkvæmt lögum um tekjuskatt eru miskabætur óskattskyldar og skerða þar af leiðandi ekki lífeyri almannatrygginga. Því er ekki alveg ljóst og kemur ekki fram í greinargerðinni hvert er tilefni þess að frumvarpið er lagt fram.

Velferðarnefnd Alþingis er hvött til að kanna vel grundvöll fyrirhugaðra breytinga og í hvaða tilvikum miskabætur skerða lífeyri almannatrygginga. ÖBÍ hvetur um leið nefndina til að tryggja að komið verði í veg fyrir slíkt, án þess þó að lagabreyting valdi flækjustigi. Hið sama þarf að eiga við um dráttarvexti bæði á skaða- og miskabætur sem og leiðréttingar réttinda (sbr. dóm Hæstaréttar nr. 472/2013), að þær skerði ekki lífeyrisgreiðslur almannatrygginga.

Bandalagið styður að allri lagalegri óvissu sé eytt þannig að miskabætur skerði ekki greiðslur almannatrygginga sama hvernig þær eru ákvarðaðar.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður ÖBÍ.